

Minnisblað stjórnar Brunavarna Árnassýslu



Dag: 25.4.2026

Efni: Lágmarks kröfur um mönnun útkallseiningar og kostnaðarskipting vegna hennar.

Ritað af: Pétri Péturssyni fyrir hönd stjórnar.

Á auka aðalfundi Brunavarna Árnassýslu haldinn þann 14. apríl 2026 var borin undir atkvæði tillaga stjórnar Brunavarna Árnassýslu um að uppfylla lágmarkskröfur reglugerðar um mönnun dagvinnu útkallsliðs slökkviliðsins í samræmi við samþykktir Brunavarnir Árnassýslu bs. dagsettar 22. janúar 2025. En í reglugerðinni er kveðið á um að lágmarksfjöldi útkallseiningar vegna slökkvistarfa innanhúss og reykjöfun á útkallssvæði 2,3 og 4 séu sjö menn. Það leiðir af sér að ráða þarf inn þrjá slökkviliðsmenn í dagvinnulið BÁ, til þess að uppfylla lágmarksákvæði reglugerðar.

Tillagan var samþykkt samhljóða og var slökkviliðsstjóra og stjórn falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2026 og vinna minnisblað þar sem áhrif til framtíðar eru lögð fram og lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar.

Fjárhagsleg áhrif vegna ráðningu þriggja manna eru rétt rúmar 36 milljónir króna vegna ársins 2027 miðað við kjarasamninga slökkviliðsmanna eins og þeir standa í dag.

Kostnaðarskipting vegna þessa á sveitarfélögin er reiknuð út frá skiptihlutfalli fyrir árið 2026, fyrir árið 2027 og getur því verið að kostnaður breytist eitthvað þegar kemur að útreikningi fyrir árið 2027 en það ræðst allt af íbúatölu og brunabótamati hvers sveitarfélags fyrir sig á þeim tímamarki.

Kostnaðarskiptingin er eftirfarandi:

| | |
|-------------------------------|--------|
| Árborg | 40,99% |
| Bláskógarbyggð | 11,01% |
| Flóahreppur | 3,55% |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 11,30% |
| Hrunamannahreppur | 4,94% |
| Hveragerði | 10,88% |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 5,15% |
| Ölfus | 12,19% |

Virðingarfyllt,
Stjórn Brunavarna Árnassýslu bs.